



Reykjavík, 16. júní 2021
R21060148
250
ívs

Ofbeldisvarnarnefnd

Tillaga Freyju Rúnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna ofbeldisforvarnafræðslu á unglingastigi í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar þann 11. júní 2021 og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Freyju Rúnarsdóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum á unglingastigi í grunnskólum aukna forvarnafræðslu í tengslum við ofbeldi unglings. Lagt er til að boðið sé upp á slíka fræðslu frá og með hausti 2022.

Greinargerð:

Undanfarið hefur umfjöllun um ofbeldi ungmenna í samfélaginu aukist. Líkamlegt ofbeldi á milli unglings er ekki nýtt fyrirbæri á Íslandi en tímarnir hafa vissulega breyst. Með tilkomu samfélagsmiðla eru slagsmál og árásir mun sýnilegri börnum og ungmennum og unglingar þurfa aukna fræðslu um áhrif ofbeldis, mismunandi birtingarmyndir þess og hvernig sé rétt að bregðast við þegar þau verða vitni að slagsmálum eða öðru ofbeldi.

Samþykkt var að vísa tillöggunni til meðferðar ofbeldisvarnarnefndar.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og

frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af ofbeldisvarnarnefnd fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal
e.u.